

Fundargerð aðalfundar Afréttarmálfélags Flóa og Skeiða
Haldinn að Þingborg 27.08. 2020.

1. Formaður setti fundinn og stakk upp á Árna Eiríkssyni sem fundarstjóra og Ari B Thorarensen sem fundarritara var það samþykkt.

2. Kannað var lögmæti fundarins og voru 8 kjörnir fulltrúar mættir.

Frá Sv. Árborg: Ari B Thorarensen og Baldur Gauti Tryggvason.

Flóahreppi: Reynir Jónsson, Þorsteinn Logi Einarsson, Einar Magnússon og Skeggi Gunnarsson

Skeið-Gnúp: Jón Vilmundarson og Aðalsteinn Guðmundsson.

Fjallkóngar þeir Ingvar Hjálmarsson, Águst I Ketillsson, Hafliði Sveinsson og Halldór Vilhjálmsson og einnig að auki Árni Eiríksson oddviti Flóahrepps.

3. Formaður fór yfir skýrslu stjórnar og gjaldkeri reikninga félagsins.

Umræður og spurningar voru um skýrsluna og reikninga og svöruðu formaður og gjaldkeri þeim. Skýrsla stjórnar og reikningar voru lagðir fram og samþykktir samhljóða.

4. Fundurinn samþykkti að fjallskil verði kr.50,- á jarðarþúsund, kr. 230,- á heimafé og kr. 340,- á fjallfé.

Dagkaup fjallmanna verði óbreitt kr. 4500,- per. dag og laun í eftirsafni verði kr. 22.500,-

Umræður voru um fjallskil á fundinum vegna taps á smalahlutanum í reikningum félagsins og mikils kostnaðar á árinu 2019 vegna smalamennsku. Stjórn var falið að leita leiða til að ná kostnaðinum niður.

5. Kosningar. Reynir Jónsson lýsti því yfir að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsætu. Ari og Jón gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsætu. Kom uppástunga um að Ari B Thorarensen og Jón Vilmundarsson yrðu áfram í stjórn og Steindór Guðmundsson Hrygg kæmi nýr í stjórnina. Var sú tillaga samþykkt og skiptist stjórn þannig: Formaður Ari Thorarensen, gjaldkeri Steindór Guðmundsson og meðstjórnandi Jón Vilmundarson Varastjórn Jökull Helgason og Þorsteinn Logi Einarsson. Reyni voru þökkuð mjög svo vel unnin störf fyrir félagið.

5. Landbótaráætlunn.

Reynir Jónsson fór yfir verkefni við landbótaráætlun og hvar var sáð og borinn á áburður og kjötmjöl og hvað væri framundan.

6. Önnur mál.

Tilhögun réttarstarfa í Reykjaréttum og tilhögun smalamennsku nú á tímum Covit 19. Farið var yfir tillögur frá sóttvarnarlækni og landsambandi sauðfjárbænda.

Einnig var samþykkt að smala afréttinn með eins fáum smölum og kostur er, ekki yrði gist í Mástungu og Fossnesi eins og gert hefur verið síðustu ár nema klettarsmalar í austurleit. Einnig fara engir smalar í morðurleit og sandleit og munu Gnúpverjar sjá um þá smalamennsku.

Ari B) Thorarensen ritaði fundargerð.

